

Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2023



Guðmundur Jóhannesson.



Sigurður Kristjánsson.

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2023 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjöri.

Peir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum, upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 489 en á árinu 2022 voru þeir 507. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 25.308,6 árskýr skiluðu 6.411 kg nyt að meðaltali.

Það er afurðaaugning um 98 kg/árskú frá árinu 2022 en þá skiluðu 25.031,9 árskýr meðalnyt upp á 6.313 kg. Þetta eru mestu meðalafurðir frá upphafi vega og áttunda árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Umreiknaðar í orkuleiðréttu mjólk (OLM) eru meðalafurðir síðasta árs 6.628 kg/árskú eða 101 kg meiri en árið áður.

Meðalbústærð reiknaðist 54,1 árskýr á árinu 2023 en sambærileg tala var 51,2 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 69,6 kúr en 2022 reiknuðust þær 67,2. Samtals voru skýrslufærðar kúr ársins 34.151 talsins samanborið við 34.051 árið áður.

Mestar meðalafurðir á Norðurlandi eystra

Svæðaskipting fylgir að segja má kjördæmum. Á árinu voru mestar meðalafurðir á Norðurlandi eystra, 6.474 kg, og síðan kemur Suðurland með 6.452 kg. Stærst eru búin að meðaltali á Suðurlandi, 56,7 árskýr, en næststærst eru þau á Norðurlandi vestra, 55,6 árskýr.

Meðalbúið stækkar

Meðalbúið stækkaði milli ára sem er í takti við fækkun innleggsbúa og aukið innlegg mjólkur.

Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 318.531 lítra samanborið við 298.655 lítra á árinu 2022. Á árinu fækkaði innleggsbúum mjólkur um 20 og var kúabú í framleiðslu 471 talsins nú um áramótin 2023/24. Sú þróun að búunum fækki og þau stækki er því enn í fullum gangi og sér ekki fyrir endann á henni. Á næstu misserum mun mjólkurframleiðendum án efa fækka áfram en undanfarna áratugi hefur þeim fækkað um 1,6 á mánuði og hefur það meðaltal verið ótrúlega stöðugt. Víða er mikil fjárfestingarþörf í framleiðsluáðstöðu fyrir hendi sem færir manni heim sanninn um að einhverra sveita bíður ekki betri tíð með blóm í haga. Innan skamms kemur að því að þau fjós sem byggð voru um og upp úr aldamótunum síðustu þarfnast endurnýjunar til viðbótar við enn eldri aðstöðu sem er löngu úr sér gengin.

Við þetta bætast svo auknar kröfur um aðbúnað og vinnuáðstöðu auk þess sem básafjós verða ólögleg frá og með 1. janúar 2034.

Áfram mikil vanhöld á kálfum

Litlar breytingar hafa orðið á vanhöldum kálfa milli ára. Gríðarmikill fjöldi dauðfæddra kálfa við fyrsta burð er þar stóra vandamálið en

26,6% afkvæma 1. kálfs kvígna komast ekki lifandi í þennan heim.

Þetta hlutfall hefur meira að segja heldur hækkað milli ára. Ákveðinn hluti þessa mikla kálfadaða er bústjórnarþáttur þannig að með alúð og vandvirkni á að vera hægt að ná þessu hlutfalli niður.

Aldur kvígna við fyrsta burð er enn of hár og stendur í stað milli ára, er 27,2 mánuðir. Það er alveg með ólíkindum hvað við tölum fyrir daufum eyrum þegar bent er á að allar rannsóknir og athuganir sýna að hagkvæmast er að kvígurnar eignist sinn fyrsta kálf í kringum 23-24 mánaða aldur. Viku eftir viku, mánuð eftir mánuð, ár eftir ár höfum við bent mönnum á að láta kvígurnar bera yngri.

Hvað gerist? Lítið sem ekkert. Er það virkilega svo að íslenskir kúabændur þurfi ekki að sækja aukna hagkvæmni í sinn rekstur líkt og kollegar þeirra erlendis?

Í sambærilegum pistli okkar fyrir rétt um ári síðan minntumst við á notkun sparinautanna, þ.e. nautanna sem standa í fjósum víða um land og ætti eingöngu að nota á hátíðis- og tyllidögum eins og sagt er. Íslenskir kúabændur gera sér oft gláðan dag samkvæmt þessu því að af fæddum kálfum á árinu 2023 voru rúm 32% undan sparinautum og hefur hlutfallið hækkað frá fyrra ári. Uppistaðan í þessum mikla fjölda er afkvæmi 1. kálfs kvígna því yfir 90% fæddra kálfa undan eldri kúm er undan sæðinganautum en innan við 30% kálfanna undan kvígnum.

Hvað veldur því að menn velja frekar þann kost að nota naut á gamlar kvígur heima á búinu en láta sæða kvígurnar á réttum aldri? Getum við ekki öll verið sammála um að sæðinganautin eru betri? Eru kvígur sem bera við 24 mánaða aldur lakari mjólkurkúr en þær sem bera eldri? Allar tölur úr skýrsluhaldi og rannsóknunum segja nei, þær eru það síður en svo! Það hefur meira að segja verið sýnt fram á kvígur sem bera við 23 mánaða aldur skili mestri æviframlegð.

Sæðinganautin eru valin undan bestu nautum landsins og bestu kúnum á hverju bú, arfgerðargreind, með reiknað erfðamat og hafa þar með fengið staðfest sín miklu gæði. Það hefur margoft verið rétt og ritað um þann ávinning sem felst í kynbótum og að hann er varanlegur. Sá árangur sem einu sinni næst gengur ekki til baka. Kynbótamatið er sett upp út frá hagrænu vægi eiginleika og á því að endurspegla nokkuð vel þá þætti sem bætt geta rekstur búsin. Þar með stuðla kynbætur að betri rekstri og afkomu.

Okkur virðist sem að í þeirri umræðu sem fram hefur farið undanfarið misseri um afkomu nautgripaættarinnar að kynbæturnar hafi gleymst en þær geta og eiga að stuðla að afkomubata. Til þess er leikurinn gerður.

Búrekstur er flókinn og á hverjum degi stendur hver bóndi frammi fyrir margháttaðri ákvarðanatöku. Það er okkar sannfæring að ein alversta ákvörðun sem nokkur bóndi tekur í sínum rekstri er þegar hann leiðir fram sparinautið. Því miður taka margir oft vonda ákvarðanir. Þau fyrirtæki sem bændur eiga og reka saman hafa gert sitt, tekið í notkun nýjustu aðferðir og aukið þjónustu og aðgengi að upplýsingum svo um munnar. Við eigum inni hagræðingu sem felst í fjölgun sæðinga á kvígum og lægri burðaraldri þeirra. Nú er boltinn heima á búunum!

Uppgjör fyrir tímabilið	Vesturland	Vestfirðir	Norðurland vestra	Norðurland eystra	Austurland	Suðurland	Landið allt
Fjöldi búa alls	65	12	83	118	18	177	473
Fjöldi búa með skil	65	12	81	116	18	176	468
Fjöldi kúa alls	3.317	435	4.664	6.321	984	10.155	25.876
Meðalbústærð, kúr	51,0	36,3	57,6	54,5	54,7	57,7	55,3
Fjöldi árskúa	3.272,4	420,0	4.499,8	6.163,6	968,9	9.983,9	25.308,6
Meðalbústærð, árskýr	50,3	35,0	55,6	53,1	53,8	56,7	54,1
Fjöldi 1. kálfs kúa	1.127	174	1.693	2.171	319	3.748	9.232
Fjöldi kvígna eldri en 24 mán	561	97	650	680	123	1.643	3.754
Endurnýjunarhlutfall	34,0	40,0	36,3	34,3	32,4	36,8	35,6
Hlutfall kúa með förgunarástæðu	100,1	100,0	100,1	100,2	100,0	100,2	100,2
Mjólkurframleiðsla síð. 12 mán.							
Meðalbústærð, innlögð mjólk	287.110	178.388	323.067	319.105	325.164	336.415	318.531
Mjólk/árskú	6.312	5.720	6.363	6.474	6.439	6.452	6.411
Fita kg	267	249	262	271	277	276	271
Fita %	4,23	4,35	4,23	4,26	4,30	4,27	4,26
Prótein kg	213	197	210	219	220	218	216
Prótein %	3,38	3,44	3,39	3,44	3,42	3,38	3,40
Kg OLM/árskú	6.536	6.031	6.470	6.674	6.737	6.713	6.628
Mjólkurnýting	93	92	95	96	97	95	95
Frumutala (reiknuð)	319	303	288	287	308	295	296
Mjólkandi kúr							
Dagsnyt/kú	16	14	16	17	17	17	16
Dagsnyt OLM/kú	17	15	16	17	18	17	17
Kjötframleiðsla síð. 12 mán.							
Kúr							
Hlutfall með sláturgögn	86,2	80,6	84,8	85,7	87,8	87,9	86,5
Flokkun	2,63	2,66	3,27	2,59	2,77	2,78	2,79
Dagar frá burði við förgun	255,6	327,0	275,9	237,3	283,3	251,9	255,0
Meðalþungi, kg	205,4	209,6	214,3	206,1	210,0	209,0	208,7

Heilsufar síð. 12 mán.							
Hlutfall með sjúkdómaskráningu	10,7	20,3	16,6	37,2	20,8	15,8	20,8
Kúr							
Fjöldi sjúkdómstílfella á árskú	0,15	0,29	0,23	0,52	0,28	0,22	0,29
Júgurmeðhöndlunir á árskú	0,03	0,09	0,10	0,14	0,05	0,07	0,09
Geldstöðumeðhöndlunir á árskú	0,01	0,05	0,02	0,01	0,02	0,02	0,02
Bráðadauði/slys á árskú	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01	0,01
Kálfar							
Hlutf. dauðra og dauðf. við 1. burð	26,4	29,0	27,9	27,7	29,2	25,1	26,6
Hlutf. dauðra og dauðf. aðrir burðir	9,5	8,4	9,1	8,6	8,6	9,4	9,1
Hlutf. dauðra á 1-180 daga	3,3	1,7	4,6	4,3	3,7	2,0	3,2
Frjósemi síð. 12 mán.							
Dagar frá burði til 1. sæðingar	66,1	87,9	67,1	69,3	67,5	69,6	68,9
Meðalaldur við 1. burð	27,7	29,6	27,0	26,4	27,7	27,4	27,2
Hlutfall kálfa undan sæðinganautum	67,5	62,2	63,2	67,5	71,1	69,9	67,7
Ending							
Kúr							
Meðalaldur við förgun, dagar	1.901,6	2.049,5	1.861,1	1.861,1	2.079,1	1.866,3	1.879,3
Meðalfjöldi burða við förgun	3,01	2,97	2,87	3,00	3,36	2,91	2,96
Meðalæviafurðir fargaðra kúa	17.639,4	17.256,4	17.639,4	18.086,0	20.969,7	17.535,0	17.817,4
Annað							
Ný bú í skýrsluhaldi síð. mánuð	0	0	0	0	0	0	0
Bú sem hættu í síð. mánuði	0	0	0	1	0	1	1

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú árið 2023

Bú	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
860292 Stóra-Mörk 1	Eyvindur og Aðalbjörg	40,9	8.903
860315 Hólmur	Garðar Guðmundsson	78,7	8.590
370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	55,1	8.516
650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	51,0	8.340
871058 Hrepphólar	Hrepphólar ehf.	71,9	8.336
871077 Dalbær 1	Dalbær 1 ehf.	76,8	8.285
761412 Núpur	Björgvin Rúnar Gunnarsson	122,4	8.256
870736 Hurðarbak	Hurðarbaksbúið ehf.	63,3	8.201
550104 Tannstaðabakki	Guðrún og Óskar	51,2	8.196
650238 Grund	Friðrik Þórarinnsson	55,2	8.136
460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	41,4	8.114
871014 Bryðjuholt	Samúel og Þórunn	59,6	8.083
770116 Seljavellir	Seljavellir1 ehf.	68,7	8.070
861037 Syðri-Hamrar 3	Helga Björg Helgadóttir	46,0	8.047
860530 Kirkjulækur 2	Eggert, Jóna, Páll og Kristín	64,8	8.041
871114 Drumboddsstaðir 1	Jórunn og Jón	62,0	8.033
370127 Hjarðarfell	Hjarðarfellsbúið sf.	52,3	8.020
550121 Bessastaðir	Guðný og Jóhann	30,1	8.018

Hér eru bú með 8.000 kg meðalnyt á árskú og þar yfir, eins og í uppgjörsyfirlitinu í Bændablaðinu fyrir árin 2020, 2021 og 2022. Búin sem ná 8.000 kg eftir árskú eru 18 núna 2023, voru 16 2022 en 17 árið 2021.

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Nythæstu kýrnar árið 2023

Kýr	Faðir	Ársafurðir	Prótein	Fita	Bú
0610 Skjóða	10067 Lúður	14.762	3,62	3,46	560106 Hnjúkur
0963 Skritla	10069 Sólon	14.563	3,32	3,85	660217 Nes
0875 Droplaug	10077 Dropi	13.999	3,14	3,51	870117 Dalbær
1106 Skella	11023 Skalli	13.922	3,18	3,70	871058 Hrepphólar
0720 Kera	10081 Úranus	13.637	3,52	5,34	650238 Grund
988	10011 Strákur	13.420	3,45	4,01	761412 Núpur
1011	17016 Flýtir	13.414	3,36	4,16	860292 Stóra-Mörk 1
0106 Skritla	0033 Jói	13.233	3,06	3,75	861037 Syðri-Hamrar 3
1638771-0605	0543 Robbi	13.028	3,35	4,03	860318 Stóra-Hildisey 1
1017 Bjarkey	17027 Hjalli	13.010	3,37	3,84	860345 Vorsabær 1

Hér er svipuð tafla og birtist í Bændablaðinu í tengslum við uppgjörið 2020, 2021 og 2022, hérna birtast kýr fyrir ofan 13.000 kg nyt.

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Uppgjörssvæðin eru nú 6 í því uppgjöri sem við birtum

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2023	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Vesturland	370132 Stakkhamar 2	Laufey og Þröstur	55,1	8.516
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf og Valgeir	41,4	8.114
Norðurland vestra	550104 Tannstaðabakki	Guðrún og Óskar	51,2	8.196
Norðurland eystra	650221 Búrfell	Guðrún og Gunnar	51,0	8.340
Austurland	761412 Núpur	Björgvin R. Gunnarsson	122,4	8.256
Suðurland	860292 Stóra-Mörk 1	Eyvindur og Aðalbjörg	40,9	8.903

Heimild: Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins

Mestar meðalafurðir í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum

Á árinu 2023 reyndust kýr Aðalbjargar Rúnar Ásgeirsdóttur og Eyvindar Ágústssonar í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum með mesta meðalnyt eftir árskú, eða 8.903 kg. Í Stóru-Mörk er legubásafjós með mjaltþjóni. Fyrir nokkrum árum tóku Aðalbjörg og Eyvindur við búi föðursystur Aðalbjargar ásamt kúabúinu í Stóru-Mörk 3 og þrátt fyrir að kýrnar séu í sama fjósi eru hjarðirnar enn aðskildar í skýrsluhaldinu.

Búið hefur síðustu tvö ár verið afurðahæst eða með afurðahæstu búum í mánaðaruppgjörum skýrsluhaldsins og situr nú í efsta sæti við áramótuppgjörið. Meðalnyt kúnna í Stóru-Mörk 1 jókst um 757 kg á milli ára.

Annað í röð afurðahæstu búa landsins er Hólmur í Austur-Landeyjum en þar stendur Garðar Guðmundsson fyrir búi. Kýrnar skiluðu 8.590 kg/árskú. Í Hólmi hefur verið legubásafjós með mjaltþjóni um árabíl og á árum áður reis frægðarsól þess hvað hæst þegar kynbótanautið Hólmur 81018, sem fæddur var í Hólmi, bar af mörgum öðrum fyrir hátt próteinhlutfall í mjólk dætra sinna. Meðalnyt kúnna í Hólmi reyndist 804 kg meiri en árið áður.

Þriðja afurðahæsta bú ársins 2023 er afurðahæsta bú ársins áður, Stakkhamar á Snæfellsnesi, þar sem Laufey Bjarnadóttir og Þröstur Aðalbjarnarson ráða ríkjum. Kýrnar á Stakkhamri skiluðu 8.516 kg mjólkur/árskú sem er eilítið minni

meðalnyt en árið á undan og munar þar 394 kg. Á búinu er legubásafjós með mjaltþjóni.

Í fjórða sæti varð bú þeirra Guðrúnar Marinósóttur og Gunnars Þórs Þórissonar á Búrfelli í Svarfaðardal en það skipaði efsta sæti þessa lista árin 2020 og 2021. Kýrnar á Búrfelli mjólkkuðu til jafnaðar 8.340 kg/árskú sem er 34 kg minna en árið áður. Á búinu er legubásafjós með mjaltþjóni. Fimmta búið í röð afurðahæstu búa ársins 2023 er Hrepphólar í Hrunamannahreppi. Á þessu fyrirmyndarvísi ársins 2018 mjólkkuðu kýrnar 8.336 kg/árskú sem er 526 kg meiri meðalnyt en árið á undan. Í Hrepphólum er legubásafjós með mjaltþjóni.

Þessum búum til viðbótar náðu 13 bú yfir 8.000 kg meðalafurðum eftir árskú eins og sjá má í meðfylgjandi töflu. Það er tveimur búum fleira með yfir 8 þús. kg meðalafurðir en á árinu 2022.

Skjóða 610 á Hnjúki á Vatnsdal mjólkaði mest

Nythæsta kýr landsins árið 2023 var Skjóða 610 á búi Drifkrafts ehf. á Hnjúki í Vatnsdal, undan Lúðri 10067 og móðurfaðir hennar er Djass 11029. Skjóða mjólkaði 14.762 kg með 3,46% fitu og 3,62% próteini. Þetta eru mestu afurðir sem mælst hafa úr íslenskrí kú á einu almanaksári frá upphafi. Burðartími hennar féll vel að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi á jóladag 2022. Hæsta dagsnyt Skjóðu á nýliðnu ári var 53,7 kg og hún var enn í yfir 42 kg dagsnyt um mánaðamótin

júlí/ágúst. Nú um áramótin var dagsnytin komin niður í 22,8 kg sem telja verður gott, 12 mánuðum eftir burð. Skjóða er fædd í desember 2018 og bar fyrsta kálfi 28. desember 2020.

Skráðar æviafurðir hennar voru 27.252 kg um síðustu áramót og á yfirstandandi mjólkurskeiði eru afurðirnar eilítið meiri en ársafurðirnar, eða 14.969 kg mjólkur.

Önnur í röðinni á nýliðnu ári var Skritla 963 í Nesi í Grýtubakkahreppi, undan Sólon 10069 og móðurfaðir er Jaki 04044. Skritla mjólkaði 14.563 kg á árinu með 3,85% fitu og 3,32% próteini. Hún bar sínum öðrum kálfi 10. nóvember 2022. Hæsta skráða dagsnyt Skritlu var 47,5 kg í lok janúar en hún heldur gríðarvel á sér, um nýliðin áramót var nytin 32,4 kg. Skritla fæddist 4. nóvember 2018 og átti sinn fyrri kálf fram að þessu 4. ágúst 2021. Skráðar æviafurðir við lok síðasta árs voru 26.302 kg mjólkur.

Þriðja í röðinni árið 2023 var Droplaug 875 í Dalbæ í Flóa, undan Dropla 10077 og móðurfaðir er Hryggur 05008. Þessi kýr mjólkaði 13.999 kg á árinu með 3,51% fitu og 3,14% próteini en sínum fjórða kálfi bar hún 17. nóvember 2022. Hæsta dagsnyt hennar var 55,1 kg í lok janúar og í lok júlí var hún enn í yfir 40 kg dagsnyt. Á síðustu vikum hefur minnkað í henni enda á hún tal um miðjan febrúar n.k. Droplaug er fædd 16. nóvember 2017 og bar sínum fyrsta kálfi 24. október 2019. Skráðar æviafurðir hennar um síðustu áramót voru 46.681 kg.

Fjórða nythæsta kýrin var Skella 1106 í Hrepphólum í Hrunamannahreppi. Skella er dóttir Skalla 11023 og móðurfaðir er Plútó 14074. Nyt hennar á árinu var 13.922 kg með 3,70% fitu og 3,18% próteini. Hún bar sínum þriðja kálfi 16. desember 2022, fór hæst í 55,4 kg dagsnyt í janúarlok og var komin í geldstöðu í desember s.l. enda væntanlegur burðardagur 5. febrúar n.k. Skella er fædd 4. desember 2018, átti sinn fyrsta kálf 10. nóvember 2020 og skráðar æviafurðir hennar um áramótin voru 34.492 kg.

Fimmta afurðahæsta kýrin að þessu sinni var Kera 720 á Grund í Svarfaðardal, dóttir Úranusar 10081 og móðurfaðir hennar er Tandri 11068. Kera er fædd 18. maí 2018 og átti sinn fyrsta kálf 3. október 2020. Hún bar þriðja sinni 15. nóvember 2022 og átti þá tvíkelvinga. Kera mjólkaði 13.637 kg á síðasta ári með 5,34% fitu og 3,52% próteini og hæsta skráða dagsnyt hennar var 49 kg. Um nýliðin áramót var hún enn í 22 kg dagsnyt. Nú um áramótin hafði Kera skilað samtals 36.042 kg mjólkur.

Alls skiluðu 174 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 50 yfir 12.000 kg. Árið 2022 náðu 158 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Ár breytinga

Árið 2023 einkenndist af ákveðnum breytingum í nautgriparáættinni. Innleiðingu erfðamengisúrvals, sem ýtt var úr vör undir lok ársins 2022, var fram haldið. Stóra breytingin þar liggur í vali nauta á nautastöðina og svo framboði nauta í notkun hverju sinni. Kynntir voru til sögunnar nýir eiginleikar í kynbótamatinu sem taka til lifunar kálfa og gangs burðar. Vonandi munu þessir nýju eiginleikar koma að gagni í baráttunni við að fækka dauðfæddum kálfum.

Áfram er og verður þó skýrsluhaldið kjölfestan sem allt ræktunarstarf byggir á. Við viljum enn og aftur hnykkja á því að með erfðamengisúrvali er gott og vel fært skýrsluhald enn mikilvægara en nokkru sinni áður en tenging arfgerðanna við raunveruleg gögn skapar matið eða spána um hið raunverulega kynbótageildi gripanna. Skýrsluhaldið er einnig grunnur til að byggja daglega ákvarðanatöku á og bæta reksturinn og með skilvirkni og markvissri notkun þess verður bústjórnin bæði auðveldari og betri. Einn þeirra þátta sem huga þarf vandlega að í skýrsluhaldinu er taka kúrsýna.

Á árinu skiluðu sér inn 197.645 nothæf kúrsýni en 5.009 sýni reyndust ónothæf ýmist vegna slægra merkinga eða þá að efnahlutföll voru utan marka. Vanda þarf merkingar sýnanna þannig að ljóst sé með óyggjandi hætti úr hvaða grip viðkomandi sýni er. Þá þarf kúrsýnataka að vera með þeim hætti að hún endurspeglir mjólkina úr viðkomandi grip en ekki sé verið að fleyta rjómann.

Þann búnað sem notaður er til kúrsýnatöku þarf að yfirfara og stilla þannig að búnaðurinn vinni vel og rétt. Með vönduðum vinnubrögðum verður sýnataka góð en margt bendir til þess að við eignum að nýta sýnin í meira mæli en gert er.

Á komandi misserum eigum við að horfa í auknum mæli til afurðagetu gripanna í kg verðefna, framleiða efnaríkari mjólk með minna vatnsinnihaldi. Þá getum við notfært okkur kúrsýnin með ýmsum öðrum hætti eins og t.d. varðandi föðrunarástand gripanna, heilsufar og svo mætti áfram telja. Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum í Stóru-Mörk 1 undir Eyjafjöllum og Hnjúki í Vatnsdal, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum gott samstarf á nýliðnu ári.

Höfundar eru ráðgjafar hjá RML.



Hilltip Icestriker 900-1600L
Salt og sanddreifari í tveim stærðum fyrir stóra pallbíla og minni vörubíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 380-550L
Salt og sanddreifarari í tveim stærðum, fyrir minni pallbíla. Rafdrifinn 12V.



Hilltip Icestriker 600 TR
Rafdrifinn kastdreifari fyrir dráttarvélur m/öflugum efnisskömmtunarbúnaði.



Hilltip Snowstriker VP
Fjölplógur fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanlegur í 185-240 cm breidd.



Hilltip Snowstriker SP
Snjótönn fyrir pallbíla, minni vörubíla og jeppa. Fáanleg í 165-240 cm breidd.



Hilltip Fjölplógur MVP
Fjölplógur fyrir ameríska pallbíla t.d. RAM 3500, GMC 3500 og FORD 350.



A Wendel ehf.
Tangarhöfða 1, 110 Reykjavík,
S:551 5464 - wendel@wendel.is
www.wendel.is